

Tillaga að ályktun um setningu laga um lagareldi

70. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti, haldið í félagsheimilinu í Hnífsdal dagana 16.–17. september 2025, hvetur Alþingi og stjórnvöld til að ljúka sem fyrst lagasetningu sem lýtur að endurskoðun á stefnumörkun, framkvæmd og eftirliti með fiskeldi og breytingum á fyrirkomulagi Fiskeldissjóðs.

Flutningsmaður: Þórkatla Soffía Ólafsdóttir fyrir hönd Vesturbyggðar

Greinagerð:

Mikilvægt er að skapa skilyrði til sjálfbærrar uppbyggingar lagareldis og efla þannig verðmætasköpun, atvinnulíf og byggð í landinu.

Fjórðungsþing Vestfirðinga leggur áherslu á að fiskeldissveitarfélög gegna lykilhlutverki í að byggja upp og viðhalda innviðum og þjónustu sem rekstur og uppbygging fiskeldis krefst. Því skorar fjórðungsþingið á stjórnvöld að leggja niður Fiskeldissjóð í núverandi mynd og að framlög renni með beinni og fyrirsjáanlegri hætti til fiskeldissveitarfélaga og að hlutdeild sveitarfélaga hækki í 70%.